

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 485/2005 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg,
með síðari breytingum.

1. gr.

20. gr. orðast svo:

20. gr.

Styrkur vegna húsbúnaðar.

Fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði er heimil í eftirfarandi tilvikum:

- a) til einstaklings, sem hefur lægri tekjur en sem nema grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun,
- b) til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn,
- c) þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum,
- d) þegar um er að ræða einstaklinga/hjón/sambúðarfólk sem eiga í félagslegum erfiðleikum og þurfa aðstoð vegna kaupa á nauðsynlegum heimilistækjum. Skilyrði er að tekjur þeirra hafi verið við eða undir grunnfjárhæð til framfærslu samkvæmt reglum þessum síðastliðna þrjá mánuði.

Viðmiðunarmörk aðstoðar eru 100.000 kr. nema þegar einstaklingur er að flytjast á sambýli, þá eru mörkin 50.000 kr.

Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

2. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru af borgarráði 6. maí 2010 að fengnum tillögum velferðarráðs, eru gerðar á grundvelli 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Breytingarnar taka þegar gildi.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 10. maí 2010.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2010